

Mánudaginn 19. desember 1960.

Nr. 82/1960. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Guðmundi Halldórssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Stjórnsýsla. Launakjör opinbers starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað með stefnu 9. maí 1960, og hefur áfrýjandi gert þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af kröfu stefnda í máli þessu.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins.

Telja verður, að yfirlýsing áfrýjanda í 4. tölulið bréfs hans 7. desember 1954 til Strætisvagnstjóradeildar Hreyfils sé enn í fullu gildi.

Með vísan til þess og að öðru leyti samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Guðmundi Halldórssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Guðmundur Halldórsson strætisvagnstjóri, Langagerði 6, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. apríl 1959, gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 10.313.58 auk 6% ársvaxta af kr. 3334.61 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 6711.48 frá þeim degi til 1. janúar 1959 og af allri fjárhæðinni, kr. 10.313.58, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim. Hins vegar hefur stefndi ekki vefengt fjárhæð stefnukröfunnar, ef um greiðsluskyldu af hans hálfu yrði talið að ræða, og málskostnaðar hefur hann ekki krafizt úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Í nóvember- og desembermánuðum 1954 fóru fram viðræður milli umboðsmanna stefnda og fulltrúa frá Bifreiðarstjóraráféluginu Hreyfli, en á þeim tíma voru strætisvagnstjórar sérstök deild í því félagi, vegna uppsagnar félagsins á þágildandi kjarasamningi strætisvagnstjóranna og ráðagerðar um, að þeir yrðu gerðir að föstum starfsmönnum Reykjavíkurbæjar með réttindum þeim og skyldum, sem slíkri stöðu fylgdu. Að undangengnum þessum viðræðum ritaði stefndi Strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjóraráfélagsins bréf, dags. 30. nóvember og 7. desember 1954, þar sem hann staðfestir, að hann muni mæla með ráðningu strætisvagnstjóranna sem fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar og að þeir tækju laun samkvæmt 10. fl. samþykktar um laun fastra starfsmanna bæjarins frá 1945 með breytingum, sem síðar hafi á orðið. Þá er í bréfum þessum nánar tiltekið um vinnutíma og önnur kjör strætisvagnstjóranna.

Hinn 7. desember 1954 var, eftir móttöku bréfanna, gerð svohljóðandi fundarsamþykkt í Strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjóraráfélagsins Hreyfils:

„Fundur í Strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjóraráfélagsins Hreyfils, haldinn 7. desember 1954, samþykkir að taka tilboði borgarstjórans í Reykjavík, hr. Gunnars Thoroddsens, um að vagnstjórar og næturvaktmenn hjá Strætisvögnum Reykjavíkur gerist fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurbæjar með þeim skilmálum, sem felast í bréfum borgarstjóra, dags. 30. nóvember og 7. desember 1954, og sem lesin hafa verið og skýrð fyrir fundinum.“

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur 10. desember 1954 voru framangreind bréf stefnda frá 30. nóvember og 7. desember 1954 lögð fram og samþykkt þau tilboð, sem í þeim fólust til vagnstjóra og næturvaktmanna Strætisvagnstjóradeildarinnar. Þá var stefnda falið að tilkynna vagnstjórum og næturvaktmönnum, þeim er þess

óskuðu, fastráðningu þeirra samkvæmt samkomulaginu, er fólst í fyrrgreindum bréfaskriftum. Nefnda fundargerð bæjarráðs samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi sínum 16. desember s. á. Gerðust strætisvagnstjórnir síðan fastir starfsmenn stefnda og tóku laun samkvæmt 10. launaflokkki í samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar.

Í 4. tölulið bréfs stefnda frá 7. desember 1954 segir svo:

„Fari svo, að starfshópur í 10. launaflokkki, er á vöktum vinnur, fái kjarabætur umfram það, sem vagnstjórum er ætlað, skv. bréfi, dags. 30. nóvember s.l., mun ég beita mér fyrir því, að vagnstjórar fái bætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum.“

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, unnu tveir starfshópar bæjarins á vöktum, lögreglumenn og slökkviliðsmenn, og voru þeir báðir í 10. launaflokkki. Í 6. gr. II. kafla samþykktar um laun lögreglumanna, er sett var í bæjarstjórn 15. nóvember 1956, segir m. a. svo:

„Fastráðnir lögreglumenn skulu fá greidda áhættubóknun, er nemi 6% af launum samkvæmt 2. gr. Er bóknun þessi greidd vegna þeirrar sérstöku áhættu, sem skýrslur sýna, að samfara er starfi lögreglumanna.“

Fyrirsögn kafla þessa er: Launauppbætur, og skyldi samþykkt-in gilda frá 1. janúar 1956.

Á sama bæjarstjórnarfundi og launasamþykkt þessi var sett, var gerð eftirfarandi ályktun:

„Bæjarstjórnin ályktar að greiða 6% áhættubóknun á kaup skv. 2. gr. launasamþykktar hjá þeim starfsmannahópum, sem að dómi tveggja manna, er Hæstiréttur verður beðinn að tilnefna, vinna störf, sem jafnmikil áhætta er samfara og starfi lögreglumanna.“

Samkvæmt álitserð þeirra tveggja manna, sem dómkvaddir voru af Hæstarétti í samræmi við ályktun þessa, dagsettri 12. desember 1957, telja þeir, að starfi slökkviliðsmanna fylgi eigi minni áhætta en starfi lögreglumanna. Á grundvelli þessarar álitsgerðar hafa slökkviliðsmenn fengið sömu áhættubóknun greidda á laun sín og lögreglumenn.

Hins vegar telja hinir sömu dómkvöddu menn samkvæmt álitsgerðum, dags. 2. október og 15. nóvember 1959, að starfi strætisvagnstjóra fylgi ekki jafnmikil eða meiri áhætta en starfi lögreglumanna.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að með ákvæðinu í 4.

tölulið bréfs stefnda frá 7. desember 1954, sem sé bæði skýlaust og víðtækt að orðalagi og samþykkt af hlutaðeigandi stjórnvöldum bæjarins, hafi það verið tryggt, að strætisvagnstjórar fengju framvegis sömu kjör almennt og lögreglumenn og/eða slökkviliðsmenn, enda nái orðalag ákvæðisins yfir hvers konar uppbætur eða kjör og takmarkist ekki við launauppbætur einar. Á þeim tíma, er samningurinn við vagnstjórana hafi verið gerður, hafi aðeins tveir starfshópar í 10. launaflokkj unnið á vöktum, lögreglumenn og slökkviliðsmenn. Með orðinu „starfshópur“ í eintölu hafi átt að tryggja það, að nægilegt væri, að annaðhvor fyrr nefndra starfshópa fengi kjarabætur til þess að vagnstjórnarnir fengju sömu eða svipaðar kjarabætur. Þá hafi með orðalaginu „er á vöktum vinnur“ á engan hátt verið átt við aukagreiðslur fyrir sérstaka vaktavinnu, heldur hafi þetta orðalag verið notað til þess að skilgreina þá starfshópa í 10. launaflokkj, er kaupgreiðslur til strætisvagnstjóranna skyldu fylgja. Nú hafi báðir nefndir starfshópar fengið greiddar 6% uppbætur á laun sín frá 1. janúar 1956, en hins vegar hafi tilraunir strætisvagnstjóranna í þá átt að fá sömu kjarabætur ekki borið árangur, og sé því mál þetta höfðað. Miðar stefnandi kröfu sína við 6% af föstum launum hans árin 1956, 1957 og 1958.

Stefndi reisir í fyrsta lagi kröfu sína um sýknu á því, að um sama leyti og samkomulagið við strætisvagnstjórana var gert, hafi verið til umræðu kröfur lögreglumanna um breytt og bætt starfshjör, þar á meðal sérstakar aukagreiðslur fyrir „vaktavinnu“. Vagnstjórnarnir, sem einnig séu „vaktavinnumenn“, hafi þegar gert kröfu um að fá aukagreiðslur fyrir „staðnar vaktir“ að kvöld- og næturlagi, ef og að svo miklu leyti sem lögreglumenn kynnu að fá sínum kröfum framgengt. Í viðræðum við vagnstjórana hafi verið fallizt á þetta sjónarmið þeirra, enda talið víst, að fleiri vaktavinnumenn, þar á meðal slökkviliðsmenn, myndu, ef til kæmi, fljótlega fá svipaðar bætur og lögreglumenn að þessu leyti. Í orðalagi 4. töluliðs bréfs stefnda frá 7. desember 1954 hafi aðeins átt að felast samþykki á framangreindri kröfu vagnstjóranna, en þar sem viðræðum við lögreglumenn hafi ekki verið lokið og alls ekki víst hinn 7. desember, að fallizt yrði á kröfu þeirra, hafi þótt rétt að orða samþykkið sem almennt viljyrði um, að vaktavinnumennirnir, vagnstjórar strætisvagnanna, skyldu fá sams konar bætur og á þessum tíma var til umræðu að veita öðrum vaktavinnuhópi í sama launaflokkj. Strætisvagnstjórnarnir hafi fengið vaktálagið greitt eftir sömu reglum og öðr-

um starfshópum í 10. launaflokki hafi verið greitt það, og leiði þetta til sýknu.

Gegn mótmælum stefnanda er það allsendis ósannað, að vilyrðið um kjarabætur í umræddum tölulið bréfs stefnda hafi átt að takmarkast við bætt vaktavinnukjör eingöngu, svo sem stefndi heldur fram. Orðalag umrædds töluliðs er svo víðtækt, að það verður ekki skilið öðruvísi en svo, að í því felist fyrirheit um það, að fáir starfshópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, einhvers konar kjarabætur, þá skuli strætisvagnstjórar fá kjarabætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum. Og þegar strætisvagnstjórar og bæjarráð og bæjarstjórn höfðu, eins og áður er lýst, samþykkt fyrir greind bréf stefnda 30. nóvember og 7. desember 1954, verður að telja, að bindandi samningur hafi komið á milli vagnstjóranna og stefnda í þessa átt.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að ekki hafi verið unnt að gefa strætisvagnstjórum fyrirheit um, að þeir skyldu jafnan um ókomna tíma og hverju sem fram færi hafa að öllu leyti sambærileg starfskjör við lögreglumenn og/eða slökkviliðsmenn, þann starfshópinn, sem hverju sinni mætti telja, að nyti betri kjara að einhverju leyti.

Á þetta verður ekki fallið hjá stefnda. Áður greind bréf hans voru samþykkt af réttum stjórnvöldum Reykjavíkurbæjar, og gilda því fyrirheit þau, sem í bréfunum voru gefin, þar til önnur skipun hefur verið gerð af hinum sömu stjórnvöldum.

Loks reisir stefndi kröfu sína um sýknu á því, að aukagreiðslur þær, sem lögreglumenn og slökkviliðsmenn hafi fengið, séu áhættubóknun, greidd þessum starfshópum vegna sérstakrar áhættu, er starfi þeirra fylgi, og þar sem hinir dómkvöddu matsmenn telji í fyrrnefndum álitssgerðum frá 2. október og 15. nóvember 1958, að starfi strætisvagnstjóra fylgi ekki jafn mikil áhætta og starfi starfshópa þessara, þá eigi vagnstjórnir ekki rétt til áhættubóknunarinnar.

Í álitssgerð hinna dómkvöddu manna frá 2. október 1958 telja þeir, að starf strætisvagnstjóranna sé áhættusamara en almennt gerist. Á það má og líta, að í reglugerð nr. 167 frá 1946 um áhættu- iðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkvæmt 113. gr laga nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar eru lögreglustörf og bifreiðastjórn í sama áhættuflokki. Þá er ekki annað fram komið í málinu en að allir fastráðnir lögreglumenn bæjarins hafi fengið umrædda áhættubóknun greidda, en vitað er, að allmargir þeirra vinna eingöngu að skrifstofustörfum og leggja sig því ekki í neina

sérstaka áhættu í starfi sínu. Verður því að skoða umrædda „áhættubókun“ að nokkru leyti sem uppbót á laun.

Að þessu athuguðu og öðru því, sem hér að framan er rakið, verður að telja, að strætisvagnstjórar eigi rétt til kjarabóta úr hendi stefnda í sambærilegum hlutföllum og kjarabætur þær, sem lögreglumenn og slökkviliðsmenn hafa þegar fengið. Og þar sem stefndi hefur ekki andmælt fjárhæð stefnukröfunnar, verður hann dæmdur til þess að greiða stefnanda hana með vöxtum, eins og krafist hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 1900.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna sem setudómari.

Vegna veikinda dómarans um hálf mánaðar skeið hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í málinu fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Guðmundi Halldórssyni, kr. 10.313.58 með 6% ársvöxtum af kr. 3334.61 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 6711.48 frá þeim degi til 1. janúar 1959 og af kr. 10.313.58 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1960.

Nr. 210/1960. **Bjarni Pálsson**
 gegn
Atla Þorbergssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. nóvember 1960, er hingað barst 5. desember s. á. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felld-